

2. *Greiðslumiðar RSK 2.02* yfir hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum, sbr. 1. og 2. tölulið C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981.
3. *Greiðslufirlit RSK 2.025* yfir hvers konar greiðslur til erlendra aðila og annarra, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi, og skattskyldar eru skv. 3. og 6. tölul. 3. gr. laga nr. 75/1981 sem ekki er gerð grein fyrir á þeim skilagreinum RSK, sem taldar eru upp hér að framan. Hér er m.a. átt við þóknanir fyrir þjónustu og greiðslur fyrir afnot eða hagnýtingu einkaleyfa og hvers konar annarra leyfa, réttinda eða sérþekkingar.
4. *Bifreiðahlunnindamiðar RSK 2.035*.
5. *Sjávarafurðamiðar RSK 2.055* ásamt *samtalningsblaði RSK 2.05*.
6. *Afurða- og innstæðumiðar RSK 2.075* ásamt *samtalningsblaði RSK 2.07*.
7. *Upplýsingar viðskipti með hlutabréf RSK 2.08* frá fjármálastofnunum.
8. *Upplýsingar hlutafélaga um kaupréttarsamninga RSK 2.085*.

Upplýsingum þessum skal, ef unnt er, skilað á tölvutæku formi samkvæmt færslulýsingu ríkisskattstjóra. Sé það ekki gert skal þeim skilað á tilsvarendi eyðublöðum RSK.

*Reykjavík, 3. janúar 2003.*

**Indriði H. Þorláksson** ríkisskattstjóri.

## AUGLÝSING

**ríkisskattstjóra nr. 2/2003 um reikning fyrninga og vaxta vegna fjármögnunarleigu fólksbifreiða skv. 4. tölul. 52. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.**

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að eftirfarandi reglur skuli gilda gjaldárið 2003 við útreikning frádráttarbærs hluta leigugreiðslna vegna fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 menn að undanskildum leigubifreiðum:

1. Fyrningagrunnur telst vera kaupverð bifreiðar eins og það er ákveðið við kaup leigusala (fjármögnunarleigu fyrirtækis) á viðkomandi bifreið.
2. Fyrningargrunnur rekstrarársins 2001 framreiknast ekki.
3. Til frádráttar hjá leigutaka á rekstrarárinu 2002 telst 10% fyrning af fyrningargrunni skv. 1. eða 2. tölul. hér að framan, að viðbættum 10,1% vöxtum reiknuðum hlutfallslega miðað við upphaf eða lok leigutíma á árinu 2002. Vextir reiknast af fyrningargrunni þegar frá hefur verið dregin fyrning fyrri ára.
4. Fyrning skv. 3. tölul. hér að framan er heimil að fullu rekstrarárið 2002 hvort sem leigutímabilið hefst eða því lýkur á því ári.

*Reykjavík, 8. janúar 2003.*

**Indriði H. Þorláksson** ríkisskattstjóri.